# IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐI Á GRUNDARTANGA - VESTURSVÆÐI

# ÓVERULEG BREYTING Á DEILISKIPULAGI




*DEILISKIPULAG Í GILDI 1:2000 A3*




*TILLAGA AÐ BREYTINGU 1:2000 A3*




*DEILISKIPULAG Í GILDI, YFIRLITSMYND - EKKI Í KVARÐA*

## GREINARGERÐ

Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi Iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæðis.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð dagsett í nóvember 2007 sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 13.11.2007 er gildandi deiliskipulag svæðisins m.s.br.:

- Veruleg breyting á deiliskipulagi, staðfest þann 23.04.2013
- Endurvinnsla á álgjalli - veruleg breyting á deiliskipulagi, staðfest þann 29.11.2011
- Veruleg breyting á deiliskipulagi, staðfest þann 10.03.2009

## Forsendur

Fyrirhuguð er stækkun á byggingu á Klafastaðavegi 4. Byggingarreitur í gildandi deiliskipulagi er bogadregin þar sem hann snýr að Klafastaðavegi og þykir því óhentugur fyrir þá gerð byggingar sem áformað er að reisa á lóðinni. Nauðsynlegt þykir að breyta byggingarreit til að unnt sé að koma fyrir hentugri byggingu á lóðinni.

## Breyting

Breyting er gerð á byggingarreit á lóð Klafastaðavegi 4 á deiliskipulagsuppdrætti.

Breytingin felur í sér:

- Breytingu á afmörkun á byggingarreiti. Afmörkun á suð-austurhlið byggingarreits, sem snýr að Klafastaðavegi, er hnikað í átt að veginum og myndað er 90°horn á byggingarreit.
- Stækkun á byggingarreit um 90 $m^2$. Byggingarreitur fer úr því að vera 2.627 $m^2$ í 2.717 $m^2$.

Engar breytingar eru gerðar á greinargerð deiliskipulags.

## Skilmálar

Fyrirhuguð breyting á byggingarreit Klafastaðavegar 4 hefur engin áhrif á gildandi nýtingarhlutfall á lóð sem er 0.6. Aðkoma að lóð og aðrir skilmálar deiliskipulags halda sér.

- Engar breytingar eru gerðar á skilmálum gildandi deiliskipulags.

## Umhverfi

Leyfilegt byggingarmagn á lóð er óbreytt en staðsetning fyrirhugaðra bygginga hnikast aðeins til innan lóðar. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi er ekki talin hafa áhrif á ásýnd eða aðra umhverfisþætti.

*Eftirfarandi aðilar gera ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi Iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæðis:*

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports

*Klafastaðavegur 2A og 6 og Tangavegur 3. F.h. lóðarhafa*

LÍFLAND ehf. Kennitala: 501075-0519

*Klafastaðavegur 1. F.h. lóðarhafa*

Stálsmiðjan Framtak ehf kt.430801-2520 Vesturhraun 1, 210 Garðabæ

*Klafastaðavegur 2. F.h. lóðarhafa*

HÉÐINN

*Tangavegur 1. F.h. lóðarhafa*



*Úr Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020*
*Breyting á aðalskipulagi þann 05.10.2011*
*Stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga*

SKÝRINGAR

- Lóðamörk
- Iðnaðarstarfsemi
- Byggingarreitur
- Núverandi byggingar
- Gata
- Gangstétt
- Innkeyrsla inn á lóð

| I 4595 | |
|---|---|
| 0,6 15,5 | Lóðar-einkenni / Lóðarstærð m2 / Nýtingar-hlutfall / Hámarkshæð yfir kóta aðkomuhæðar, m |

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann

SVEITARSTJÓRI Hvalfjarðarsveit

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

0 50 100 150 200

Hnitakerfi: ISN93
Deiliskipulagið var unnið af VSÓ Ráðgjöf í febrúar 2015.

ÓVERULEG BREYTING Á DEILISKIPULAGI

VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, S: 5859000, Fax: 5859010
www.vso.is, vso@vso.is

| 001 |
|---|
| SKIPULAG: GHS |
| YFIRFARIÐ: SGT |
| KVARÐI: 1:2.000 A3 |
| DAGS.: 16.02.2015 |
| BREYTT:. |

UNNIÐ FYRIR:
Hvalfjarðarsveit